

## Fundargerð

368. fundur hreppsnefndar Tálknafjarðarhrepps haldinn miðvikudaginn 17. janúar 2007, á skrifstofu Tálknafjarðhrepps kl. 17.00.

## Dagskrá

### 1. Fjárhagsáætlun Tálknafjarðarhrepps og stofnana hans fyrir árið 2007.

#### 1.1 Tillaga að hækkun fasteignagjalda í Tálknafjarðarhreppi.

Álagningarprósenta á a-lið Íbúðarhúsnaði verði 0,5 % var 0,45%  
Álagningarprósenta á c-lið Atvinnuhúsnaði verði 1,65% var 1.35%  
Samþykkt samhljóða.

#### 1.2 Tillaga að hækkun sorpeyðingargjalds á íbúðir, í Tálknafjarðar-hreppi.

Þar sem Tálknafjarðarhreppur hefur þurft að greiða umtalsverða fjárhæð með sorphirðu og eyðingu í sveitarfélaginu á undanförunum árum og stendur nú frammi fyrir gjaldskrárhækkun frá Ísafjarðarbæ - Funa vegna eyðingu sorps, er lagt til að sorpeyðingargjald hækki úr kr. 6.800 í kr. 8.000.- pr. íbúð. Þrátt fyrir þessa hækkun verður gjaldskrá Tálknafjarðarhrepps með þeim lægstu á landinu hvað varðar sorphirðu- og eyðingargjöld sem verða samtals kr. 16.000.- pr. íbúð.  
Samþykkt samhljóða

#### 1.3 Tillaga um fjárfestingar og framkvæmdir.

Tillaga um að leggja 12 milljónir kr. í fjárfestingar og framkvæmdir. Helstu liðir : endurbætur á þaki Íþrótt- og félagsheimili Tálknfirðinga eru á forgangslista. Ekki liggur fyrir kostnaðarmat á þessu verki.  
Höfnin endurnýjun flotbryggja, kostnaðaráætlun Siglingastofnunar er kr. 17.7 milljónir og er hlutur Tálknafjarðarhrepps 40%.  
Lagðar verði til kr. 600 þús. til þess að útfæra tillögu um byggingu hjúkrunar- og dvalarheimilis í Tálknafjarðarhreppi.  
Asdís, Eyrún, Bjarnveig með, Bragi og Ingólfur sitja hjá.  
Vegna seinni umræðu um fjárhagsáætlun og þeim lið er snýr að framkvæmdum vilja undirritaðir láta bóka eftirfarandi:  
Að ráðast í endurnýjun á flotbryggjum finnst okkur ekki forgangsmál að sinni. Hindra þarf umferð óviðkomandi um flotbryggjur, t.d. með girðingu. Mun brýnna er að ráðast í þær framkvæmdir sem frestað hefur verið ár eftir ár, s.s. færa skólþ úr smábátahöfn út fyrir hafnargarð, koma viðhaldi á eignum sveitarfélagsins í betra lag, sem dæmi má nefna áhaldahús, og hefja framkvæmdir á skólalóð grunnskólans, framkvæmd sem hefur verið í umræðunni í meira en áratug.  
Bragi Geir Gunnarsson, Ingólfur Kjartansson

#### 1.4 Tillaga um styrkveitingar.

##### Styrkir:

Minjasafn Egils Ólafssonar	kr. 921.000
UMFT	300.000
Gönguhátíð	50.000
Kvenfélagið Harpa	50.000
UMFÍ	25.000
Bjstv. Tálkni	300.000
Aðrir styrkir	100.000

##### Samþykkt samhljóða

#### 1.5 Tillaga að fjárhagsáætlun 2007 – síðari umræða

Oddviti gerði grein fyrir helstu breytingum frá síðasta fundi.

Helstu liðir fjárhagsáætlunar 2007 eru eftirfarandi :

##### Rekstur:

Heildartekjur A og B hluta eru samtals 211.514 þús.

Í A hluta eru áætlaðar skatttekjur kr. 112.970 þús. Þær skiptast með eftirfarandi hætti:

	þús. kr.	Hlutfall tekna
Skatttekjur án jöfnunarsjóðs.....	67.070	59,37 %
Jöfnunarsjóður.....	45.900	40,63 %

Heildargjöld án fjármagnsliða eru áætluð .....	kr. 199.584 þús.
Tap fyrir fjármagnsliði er áætlað .....	kr. 31.041 þús.
Niðurstaða fjármagnsliða er áætluð .....	kr. -13.315 þús.
Rekstrarhalli A-hluta er áætlaður .....	kr. 17.726 þús.
Áætlaður rekstrarhalli A og B hluta er .....	kr. 17.048 þús.

##### Efnahagur:

Fastafjarmunir eru áætlaðir .....	kr. 253.600 þús.
Veltufjarmunir eru áætlaðir .....	kr. 6.520 þús.
Eignir samtals eru áætlaðar .....	kr. 260.120 þús.
Eigið fé er áætlað .....	kr. 240.000 þús.
Langtímaskuldir eru áætlaðar .....	kr. 107.300 þús.
Skuldir og eigið fé samtals er áætlað .....	kr. 347.300 þús.

Oddviti gerði grein fyrir fjárhagsáætlun B-hluta stofnana. Gert er ráð fyrir að heildartekjur B-hluta stofnana verði 42.971 millj. kr. og heildargjöld 29.492 millj. kr. fyrir fjármagnsliði.

Fjárhagsáætlun samstæðu Tálknafjarðarhrepps borin undir atkvæði.

Ásdís, Eyrún og Bjarnveig samþykka, Bragi og Ingólfur sitja hjá

#### 2. Bréf frá Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu.

Lagt fram til kynningar.

#### 3. Fasteignamat ríkisins.

Samþykkt samhljóða.

#### 4. Svæðisvinnumiðlun Vestfjarða.

Samþykkt samhljóða.

#### 5. Fundargerð heilbrigðisnefndar 8.desember 2006.

- fundargerð í 12 töluliðum . 12. töluliður í 10 undirliðum.  
Lagt fram til kynningar.

**6. Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða. - lagt fram til kynningar.**

**7. Þingsályktun Jóns Bjarnasonar ofl. um uppbyggingu héraðsvega.**

**Lagt fram til kynningar.**

**8. Greinargerð Sæferða ehf. – lagt fram til kynningar.**

**9. Upplýsingagjöf framkvæmdarstjóra**

**Helgu Jónasdóttur, skrifstofustjóra, verði veitt fullt og ótakmarkað umboð til aðgangs að öllum reikningum sveitarsjóðs hjá Sparisjóði Vestfirðinga í heimabanka.**

**Samþykkt samhljóða.**

**10. Önnur mál.**

**Fleria ekki fyrir tekið, fundi slitið kl. 18.25.**

---

Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir

---

Bjarnveig Guðbrandsdóttir

---

Ásdís E. Auðunsdóttir

---

Bragi Geir Gunnarsson

---

Ingólfur Kjartansson

---

Ása Jónsdóttir, fundarritari